

Því úrskurðast:

Hinu byrjaða lögtaki skal fram haldið.
Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 15. desember 1954.

Nr. 83/1954. **Ákærvaldið** (Baldvin Jónsson)

gegn

Nicholas Wright (Lárus Fjeldsted).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt staði þá, sem mælingar yfirmanna varðskipsins í máli þessu taka til. Reyndist staður dufls þess, sem sett var í sjó hjá skipi ákærða, tæplega 1.6 sm. innan fiskveiðitakmarkanna. Að þessu at-
huguðu og þar sem gullgengi krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá uppsögu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Nicholas Wright, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttar-

lögmannanna Baldvins Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds,
kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. apríl 1954.

Ár 1954, laugardaginn 24. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1628/1954: Ákærvaldið gegn Nicholas Wright, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Nicholas Wright, skipstjóri á brezka togaranum Red Knight, LO. 445, til heimilis í 44 Dronsfield Road í Fleetwood, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara síðastliðna nótt úti af Selvogi innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákæríst hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. marz 1901 í Fleetwood, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skipherra varðskipsins Þórs, var varðskipið í nótt á eftirlitsferð á Selvogshanka á vesturleið. Kl. 03,58 sást örugglega, að togari, sem reyndist vera Red Knight, LO. 445, var innan fiskveiðitakmarkanna, og var þá haldið til hans. Kl. 04,04 nam varðskipið staðar við hlið togarans, sem var að vinda inn stjórnborðsvörpu sína. Þá strax var sett út dufl og um leið kallað til togarans, að hann væri stöðvaður vegna meints fiskveiðibrots. Kærði var sóttur yfir í togarann og honum sýnt í ratsjá varðskipsins, hvar skip hans væri, og um leið var að honum ásjáandi gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Selvogsviti miðast réttvisandi í 330°, fjarlægð 6.7 sjómílar eftir ratsjá, dýpi 108 metrar.

Þar sem talsverð móða var yfir landinu, var ekki unnt að mæla með sextant, og var því ákveðið í samráði við kærða að sigla inn að Selvogsvita til að sannprófa fjarlægðina. Kl. 05,10 sigldi varðskipið frá duflinu, vegmælir 18,9 og réttvisandi stefna 330°. Kl. 05,32 var vegmælir 24,2, Selvogsviti beint fram undan og fjarlægð í land 1.1 sjómíla. Þar var snúið á stefnu 150° réttvisandi, og þegar búíð var að snúa í sömu fjarlægð frá landi, var vegmælir 24,7. Siglt var að duflinu aftur í stefnu 150° réttvisandi, og kl. 06,04 var varðskipið í um 80 metra fjarlægð austan við duflið, vegmælir 30,0,

dýpi 108 metrar. Gefur þetta stað togarans um 1.6 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna.

Kærði, sem fylgdist með þessu öllu, viðurkenndi fyrir skipherranum, að hann hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, en tók jafnframt fram, að um algert óviljaverk væri að ræða, því að ratsjá togarans væri ekki í góðu lagi, og eftir beiðni hans athuguðu II. og III. stýrimaður varðskipsins ratsjá togarans, og töldu þeir sig ekki geta gert nákvæma staðarákvörðun með henni. Kærða var boðið að bíða, unz unnt væri að gera mælingar með sextant, þegar móðunni létti, en hann afþakkaði það og kvaðst viðurkenna allar athuganir varðskipsins réttar og vildi fara strax til hafnar til að ljúka máli sínu. Kl. 06,50 var duflíð tekið upp og haldið til Reykjavíkur og komið þangað kl. 14,30.

I. stýrimaður varðskipsins var á stjórnþalli frá kl. 04,30, þar til lagt var af stað til hafnar, og II. stýrimaður varðskipsins var þar einnig frá kl. 04,00 til kl. 08,00. Þeir fylgdust báðir með mælingunum, sem gerðar voru, og siglingunni frá duflinu upp undir land og til baka aftur, og hafa þeir báðir staðfest skýrslu skipherrans um þessi atriði. II. og III. stýrimaður varðskipsins athuguðu ratsjá togarans, og virtist hún vera mjög léleg. III. stýrimaður varðskipsins fór um borð í togaran, strax og hann hafði numið staðar, og sá, að þar var verið að draga inn stjórnborðsvörpuna og að fiskur var í henni.

Allir hafa stýrimennirnir staðfest skýrslur sínar með eiði.

Kærði hefur viðurkennt skýrslu skipherrans að öllu leyti rétta og kannast hreinskilnislega við að hafa verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna á þeim stað, sem skýrsla skipherrans greinir, en hefur tekið fram, að þetta hafi hann ekki gert sér ljóst, fyrr en hann hafði fylgzt með mælingu varðskipsins og siglingu þess frá duflinu til lands og aftur til baka. Þegar varðskipið kom að togaranum, hafði hann verið á veiðum á þessum slóðum í 17 klukkustundir, og eins og skyggni var háttað, gat kærði ekki á þeim tíma, sem varðskipið kom að honum, gert staðarákvörðun nema með ratsjá togarans, en hún er af úreltri gerð, svo að kærði sá ekki í henni ströndina, eins og hún í raun og veru er. Telur hann sig hafa séð í henni sjávarbjörgin nokkru austan við Selvogstangana, eins og hann hefur merkt á hinu framlagða korti, og hélt þau vera Selvogstangana, en ekki hafa séð tangana sjálfa, sem eru nokkru lægri. Telur hann þessa villu hafa valdið því, að hann taldi sig vera fjær landi en hann í raun og veru var.

Þar sem það því er sannað samkvæmt framansögðu, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna, hefur hann gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 406 brúttó-smálesta, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin

74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur aflí og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Red Knight, LO 445, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, Lárusar Fjeldsteds hrl., kr. 500,00.

Dóm þennan kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Nicholas Wright, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur aflí og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Red Knight, LO. 445, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Lárusar Fjeldsteds hrl., kr. 500,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. desember 1954.

Nr. 63/1952. **Kristinn Friðriksson** (Sigurður Ólason)
gegn

Albert Guðmundssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1952. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda gegn greiðslu á kr. 1.184,00 svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.